

Fundur haldinn 2. des. á heimili Laufeyjar, kl. 17:00.

Mættir fyrir utan Laufeyju þær Alda Andrésdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Guðrún Brynjólfssd.

Rætt um fyrirhugaðan jólafagnað eldri borgara laugardaginn 6. des. eldri borgurum frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Fagnaðurinn verður haldinn í félagsheimilinu Bergþóru. Söngkvartettinn í Hveragerði syngur og Árni Johnsen alþm. kemur með gítarinn og ferðasögu. Sveinn Sumarliðason kemur með harmonikku svo allir geti dansað af hjartans- og fótalist.

Fundur haldinn í Eden 26. sept., kl. 17:00.

Ákveðið að fyrsta opna hús vetrarins yrði laugardag 4. okt. eins og venjulega.

Ákveðið að fá lánaða aðstöðu fyrir handavinnu í handavinnuhúsi skólans einu sinni í viku og þá helst á fimmtudögum.

S.l. sumar barst höfðingleg peningagjöf frá Lionsklúbbi Hveragerðis. 50.000 krónur til styrktar föndri og handavinnu eldri borgara.

Ákveðið að fara einu sinni í leikhús fyrir jól. Fundi slitið kl. 18:20. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir. Alda Andrésdóttir.

Stjórnarfundur í Eden 25. apríl 1986. kl. 17:30.

Á Fundinn mættu: Jón Guðmundsson, Guðrún Brynjólfssd., Sigríður Björnsd., Eyþór Einarsson, Gunnar Magnússon, Alda Andrésd., Laufey S. Valdimarsd.

Gestur fundarinn var Einar Sigurjónsson formaður Styrktarfélags aldraðra á Selfossi. Á fundinum var rætt um skemmtiferðir sumarsins.

Einar ráðlagði okkur hér í Hveragerði að prófa vikuferð og gista í skólum. Fara t.d. á Snæfellsnes og bauðst til að útvega gistingu í Laugagerðisskóla, þar væri góð aðstaða og þægilegast að fara þaðan í dagsferðir. Ákveðið að Einar pantaði skólann í ágústmánuði og einnig ákveðið að fara í dagsferð en hún ekki tímasett.

Fundi slitið kl 18:30. Fundarritari var Laufey S. Valdimarsd. Alda Andrésdóttir.